

## REGLUGERÐ

### um eingreiðslur uppbóta til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2001.

#### 1. gr.

Á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur sem hér segir á árinu 2001:

- a) Í júlí 2001 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 2001 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. júní 2001.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*